

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 147

11. maí 2026

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar fundaði í húsnæði skólans mánudaginn 11. maí kl. 16:00.

Mætt: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson (í forföllum Ingu Dóru Halldórsdóttur), Sigursteinn Sigurðsson (í gegnum fjarfundarbúnað) og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur

Formaður stjórnar settur 147. fund stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar. Fundargerðir fyrri funda lagðar fyrir stjórn til undirritunar. Engar athugasemdir höfðu borist vegna þeirra.

2. Starfsánægjukönnun MB

Skólameistari lagði til fundarins niðurstöður starfsánægjukönnunar sem var unnin af ráðgjafafyrirtækinu Prósent. Helstu niðurstöður könnunarinnar fyrir árið 2026 eru afar góðar, og sérstaklega tekið fram að niðurstöðurnar séu með því besta sem fyrirtækið hefur séð. Skólameistari fór yfir könnunina í smáatriðum.

Rætt um starfsþróun starfsfólk og aðgengi þeirra að námskeiðum og endurmenntun. Misjafnt aðgengi er eftir starfsgreinum – og því getur það verið áskorun fyrir starfsfólk að nálgast endurmenntun og námskeið sem henta.

Stjórn MB fagnar niðurstöðunum.

3. Nemendagarðar MB

Flosi Sigurðsson kynnti fyrir stjórn ýmsar sviðsmyndir vegna sölu eigna Nemendagarða MB ehf. Stjórn samþykkir að fela skólameistara að vinna málið áfram með stjórn Nemendagarða MB ehf. Í samræmi við umræður á fundi.

4. Kynningarmál

Farið var yfir kynningarherferð skólans á samfélagsmiðlum sem hefur verið yfirstandandi undanfarnar viku

5. Umsóknir í skólann

Opnað hefur verið fyrir umsóknir nemenda úr tíunda bekk grunnskóla í skólann, umsóknarfrestur er til 10. júní. Umsóknafjöldi samanborið við sama tíma og í fyrra lofar góðu, einnig er áberandi áhugi um pláss á nýjum Nemendagörðum.

6. Aðalfundur MB

Framundan eru sveitarstjórnarkosningar. Stjórnarformaður og skólameistari munu í samráði við nýjan meirihluta í sameinuðu sveitarfélagi Borgarbyggðar og Skorradalshrepps finna hentugan tíma fyrir aðalfund. Stjórn er sammála um að lagt verði fyrir aðalfund tillaga um að stjórnarlaun verði óbreytt en uppfærð í takt við launavísitölu. Að auki er lagt til að Kapital ráðgjöf verði áfram endurskoðandi MB.

7. Starfsmannamál

Rætt um starfsmannamál MB. Ljóst er að aðstoðarskólameistari lætur af störfum nú að skólaári loknu, og hefur verið gengið frá ráðningu nýs aðstoðarskólameistara. Er fráfarandi aðstoðarskólameistara þökkuð vönduð og góð störf við Menntaskóla Borgarfjarðar. Rætt um ráðningarsamning skólameistara, formanni stjórnar falið að fara yfir starfskjör og ráðningasamning við skólameistara.

Skólameistari vék af fundi undir þessum lið.

8. Önnur mál

1. Að loknum fundi fór stjórn MB í vettvangsheimsókn í nýja nemendagarða MB – Hús kynslóðanna.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 16:45